

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Skógrækt
- Flúðaskóli

Næsti Pési kemur út 13. sep 2012

Efni í Pésann

VERÐUR að

berast í

síðasta lagi

9.sept

Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Uppskeruhátíð	6
Skógrækt	8
Hrunaspjall	11
Atvinna	15
Torfæran	16
Uppsveita-hringurinn	18

Ágúst 2012

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 262. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

Frá Bókasafni Hrunamanna

Opnunartíminn til 31. ágúst:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Frá 1. september verður líka opið á fimmtudögum frá kl. 16-18.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestur er bestur ☺

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

HRUNARÉTTIR 14.september 2012



Emil á Grafarbakka varð sjötugur þann 1.ágúst sl. Ljós:SigSigm



Sveitarstjórapistill

Nú er ágústmánaður runninn upp og eigum við ekki að segja að eftir gott sumar styttist í enn betra haust. Sumarið sem nú er að renna sitt skeið hefur verið með eindæmum gott fyrir flesta nema þá sem þurfa að teysta á hæfilega vökvun við framleiðslu sína. Að minnsta kosti hafa ófáir lítrar úr Litlu-Laxá og lækjum sveitarinnar endað upp á þurru landi. Það er best að maður leggi á minnið sumarið 2012 til að geta vitnað í síðar „sem elstu menn muna“ frasann. Manni sýnist að flest met verði slegin á þessu svæði með fjölda fólks á ferðinni, bæði innlendu sem erlendu. Vonandi skilar þessi aukni fjöldi fólks góðri innspýtingu inn í atvinnulífið. Það hefur þó verið mér nokkuð umhugusunarefni að víða liggi enn tækifæri að bjóða upp á góða afþreyingu fyrir gesti og gangandi og bæði sveitarfélagið og ekki sýst krafmiklir einstaklingar og fyrirtæki gætu sótt fram á þessu sviði. Stærstu ferðamannahelgar sumarsins hafa verið góðar og framkvæmd atburða sem þeim tengjast tekist mjög vel. Vil ég þakka þeim aðilum sem að þessum atburðum hafa staðið og skipuleggjendum fyrir góða vinnu. Það var einkar ánægulegt að það skuli hafa t.d. tekist að halda hina árlegu traktorstorfæru um verslunarmannahelgina og vil ég þakka Torfæruklúbbi Suðurlands og styrktaraðilum þeirra fyrir gott starf. Það er nefninlega þannig að þessi atburður sem átti kannski á sínum tíma að vera gott grín er núna orðið grín með fullri alvöru og ég er ekki viss um að fólk átti sig á því hvað margir leggja mikið á sig að upplifa þessa einstöku keppni. Þó við höfum tapað heimsmeistaratitlinum þetta árið í Grímsnesið góða er ég viss um að heimamenn eiga eftir að gera tilkall til þess að heimta gullið til baka á næstu árum. Varðandi fjölgun ferðamanna á svæðinu hefur það einnig áhrif á sveitarfélagið á ýmsum öðrum sviðum. Greinileg aukning er á sorpi í sumar og einnig hefur verið á köflum mjög mikið álag á veitukerfi sveitarinnar. Hins vegar hefur tekist að standa þá vakt vel í sumar og að mínu mati hefur umgengni á svæðinu verið vel þolanleg og yfirleitt virðing sýnd fyrir opinberum byggingum og svæðum sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hefur verið á fullu í framkvæmdum í sumar og þó okkur þyki sumt vera að dragast þá liggur mikið eftir líka. Þá hafa komið upp þær aðstæður að við höfum þurft að gera miklu meira en við ætluðum og á það sérstaklega við um eldhúsið í Flúðaskóla sem er að verða eins og nýtt og einnig hafa komið upp óvæntar uppákomur í leikskólanum okkur. Vonandi erum við komnir fyrir vind með stór vandamál í leikskólanum. Það má því ætla að um næstu mánaðarmót verði komin góð mynd á verkefni sumarsins. Ég vil þakka sérstaklega starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir góð og óeigingjörn störf í sumar vegna þessara framkvæmda en það hefur verið mikið álag á þeim á köflum. Eitt er það verkefni sem við erum þó afar stolt af og það er það hvernig tókst til með seyruverkefnið okkar. Bæði tókst vel til með að koma upp aðstöðu á gámasvæði fyrir móttöku hennar, hreinsun gekk vel og síðan en ekki sist gekk mjög vel að koma seyrurni fyrir á landgræðslusvæði á afréttinum. Það verður mjög spennandi að sjá hvort ekki sjáist grænir sprotar þar nú þegar í haust. Eins og kunnugt er verða breytingar á starfslíði sveitarfélagsins í haust. Búið er að ráða Magneu Guðmundsdóttur sem húsvörð í íþóttahúsi með meiru og þá hefur Anna María Gunnarsdóttir verið ráðin í starf í Heimalandi. Vil ég bjóða þær velkomnar til starfa og óska þeim velfarnaðar í starfi hjá okkur í þessum mikilvægu störfum. Með haustinu fylgir einnig að leik- og grunnskóli fara að taka til starfa. Það þýðir að á Flúðum verður mikill fjöldi barna á ferðinni og vil ég biðja vegfarendur að sýna þeim tillitssemi í umferðinni. Megum við öll eiga ánægulegan „uppskerutíma“ eftir sumarið og ganga brosandir inn í haustið.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Hef til sölu minningakort

Hrunakirkju, Krabbameinsfélags Árnassýslu

Proskahjálpar á Suðurlandi, Styrktarsjóðs hjartasjúklinga

Styrktarsjóðs hjartveikra barna

Marta Esther Hjaltadóttir Kópavatni S: 4866412 / 8996412.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími til 19.ágúst

Mánudaga til föstudaga: 12:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Vetraropnun frá 20.ágúst.

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00



Skrifstofa Hrunamannahrepps.

opnunartími hreppsskrifstofu,

Mánudaga til fimmtudaga:

09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30



Hrunamannahreppur

Byggingafélagið **Árborg** ehf.

Austurvegi 42-44 • Selfossi

Símar 482 1550 / 482 1275

GSM 864 1275




Húsmíðar

Innréttingar

Vélaleiga

Gröfur o.fl.



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Upplit

Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

www.upplit.is –allir velkomnir

Girðingar - Girðingar - Girðingar

Randbeitarvír




Hvítur 250 m
Orange 250 m

Rafgirðingareipi



Hvít 100 m - 200 m
Grønn/hvitt 100 m - 200 m

Randbeitarstaurar



Jarðvír
1,6 - 2,5 mm



Hlið - hliðhandföng



Rafgirðingabörði



100 m
200 m

Spennugjafar
220 V -
Rafhlöðu



Einangrarar - rofar



Túngirðingarnet
Gaddavír



Tilboð - Tilboð

Randbeitarkefli

Tilboðsverð
Kr. 3.990



Girðingastaur
gagnvarinn
70/1800

Tilboðsverð
Kr. 446,-*



Randbeitarkefli
niðurgírað

Tilboðsverð
Kr. 6.990

*Ef tekið er eitt búnt 203 staurar



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

ÁSÞÚÐIN Á FLÚÐUM

SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG
OG ALLT ÞAR Á MILLI.
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.
OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-16 LAUGARDAGA.

VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ

Barnagolfsett til sölu
Golfsett í tösku fyrir börn er til sölu. Nánari upplýsingar í
síma 864 6639.

*Bragginn leirvinnustofa er rétt að fara í vetrarfrí og þakka ég kærlega fyrir
viðtökurnar í sumar. Síðasti sumaropnunardagur er sunnudagurinn 19. ágúst, þá
verður markaðsstemming og uppskeruhátíð í Bragganum, tilboð og fineri frá kl 13-
18.*

Einnig verður opið fimmtudag og föstudag en lokað á laugardag.

Sjáumst, Erna

Í tengslum við Uppskeruhátíðina þann 8. sept nk. verður haldinn
markaður í Félagsheimili Hrunamanna eins og síðastliðin ár og gefst
íbúum þar kostur á að selja sína framleiðslu, eins og matvæli og handverk
úr heimabyggð. Þeir sem vilja panta borð er bent á að hafa samband
við Bjarneyju, S: 895-8978 eða Hörpu, S: 864-4482 eða email: bjaben@
simnet.is. Vægt borðagjald verður innheimt eða 1000 kr á borð.



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fréttir frá Skógræktarfélagi Hrunamannahrepps.

Skógræktarfélaginu var í sumar færð vegleg gjöf þegar Bjarni Jónsson Kópsvatni gaf eina milljón kr til framkvæmda í Kópsvatnsásnum.

En til stendur að laga kofann þar og auðvelda alla umgengni um staðinn.

Við þökkum Bjarna kærlega fyrir þessa höfðinglegu gjöf. Það er ómetanlegt fyrir lítil félagasamtök eins og skógræktarfélagið að eiga

góða velgerðamenn sem styðja við bakið á þeim í verkefnum sem koma til með að nýtast samfélaginu okkar og gera umhverfið fallegra og skemmtilegra. Við höfum áður sagt frá því að Laufey frá Ásatúni gaf á sínum tíma Skógræktarfélaginu peninga til uppbyggingar á lystigarði á Flúðum, nú er sú vinna hafin og nýtist sú gjöf sem Laufey gaf vel.



Tré ársins í Hrunamannahreppi.

Fyrir tveimur árum auglýsti skógræktarfélag Hrunamannahrepps eftir tilnefningu að tré ársins í sveitinni. Þó nokkrar tilnefningar bárust og voru öll trén skoðuð og mynduð.

Þó gaman hafi verið að skrá þessi tré og mynda, var ekki síður mikils um vert að heyra og skrá niður sögu trjáanna, hvenær þau voru gróðursett og hvert var tilefnið eða forsaga þess.

Fyrir valinu sem tré ársins var birkitré með slútandi limi í garði Herðisar og Hannesar, Varmalandi Flúðum, var þeim veitt viðurkenning á uppskeruhátíð hreppsins.

Eflaust er þessi listi af athyglisverðum trjám eða jafnvel trjálundum, ekki tæmdur hér í sveitinni.

Því viljum við vekja þetta upp að nýju og kalla eftir tilnefningu og biðja fólk að líta í kringum sig og hugsa málið.

Best væri að hafa samband við formanninn Sigríði Jónsdóttur á Fossi, netfang fossi@fossi.is eða í síma 6620622

Bestu kveðjur Stjórnin





LAGNA
POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

Hrunaspjall

Fregnir, fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli.

Breyting á prestsþjónustu í Hrunaprestakalli.

Frá og með 1. september næstkomandi verður sú breyting á prestsþjónustunni hér að séra Halldór Reynisson mun koma til starfa í minn stað. Með samþykki viðeigandi yfirvalda, prófests og biskups, þá hefur talast svo til milli okkar að við höfum skipti á verkefnum næsta ár. Ég mun setjast í stól hans á þjónustusviði kirkjunnar á biskupsstofu og hann með sama hætti ganga í verkefni sóknarprestisins í Hruna. Halldór þekkir vel til hér í sveit frá því að hann var hér sóknarprestur tæplega áratug, frá 1986 til ársloka 1995.

Kirkjustjórnin hvetur til þess að prestar nýti þau tækifæri sem bjóðast til endurmenntunar og uppörvunar. Í kjölfar efnahagsþrenginganna hafa færri séð sér fært að nýta tækifæri til námsleyfa á erlendri grund. Hins vegar hafa fjölmargir nú nýlega farið þessa leið sem við Halldór stefnum að, til að skapa sér vissa tilbreytingu og sjá og kynnast nýjum flötum á starfi og þjónustu þjóðkirkjunnar. Þetta ætti því í senn að geta verið bæði endurnæring og endurmenntun.

Sömuleiðis getur það verið ágæt tilbreyting fyrir söfnuðinn að sjá nýtt andlit og heyra nýja rödd úr prédikunarstólnum.

Heimasími prestakallsins er 486-6737 en við stefnum að því að fá nýtt gsm númer fyrir prestakallið og verður það auglýst þegar það verður gengið í gegn.

Með góðri kveðju og ósk um Guðs blessun
Eiríkur Jóhannsson.

Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir




Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufræðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is



**Dansaðu þig í fanta form með einföldum sporum,
skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.**

Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Zumba þriðjud- fimmtud kl:17:30

Þjálfari Silja 6. vikna námskeið

Hefst 28. ágúst í Félagsheimilinu Flúðum

Verð Kr. 17.500

Skráning í síma 8685610 eða danssport@toppnet.is

Eyravegi 37 Sími 8685610

Danssport@toppnet.is



Eyravegi 37 Sími 8685610

Danssport@toppnet.is

LAUGARVATN fontana

UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR


SUMAROPNUN til 30.sept

Kl:11:00-22:00 alla daga

Í kaffiteríunni okkar bjóðum við meðal annars upp á silung, reyktum í Útey, sem við berum fram á okkar eigin rúgbrauði Þetta þykir mörgum nauðsynlegur hluti af gufubaðinu.

Síminn hefur ekki breyst, 486 1400

Starfsfólk óskast.



Skálholtsstaður óskar eftir að ráða fólk til starfa við almenna gisti - og veitingaþjónustu.

Umsóknareyðublöð á heimasíðunni skalholt.is
Upplýsingar í síma 486-8870 eða 864-5670 netfang skoli@skalholt.is



Setning Flúðaskóla verður fimmtudaginn 23. ágúst 2012,
kl 09:00 – 12:00. Boðið verður upp á skólaakstur.

Skóli hefst samkvæmt stundaskrá föstudaginn 24. ágúst.

Skólastjórnendur



BOLTALEIKFIMI VETURURINN 2012-2013.

Ágætu konur og menn.

Boðið verður upp á boltaleikfimi í Bergholti í vetur og verða tímarnir með sama fyrirkomulagi og síðasta vetur.

Að öllum líkindum hefjast tímarnir kl. 18:00 en ef áhugi er fyrir því að byrja kl 20:00 (svo fjósakonur geti mætt) og allir aðrir eru sáttir þá gerum við það.

Ef þið hafið áhuga, sendið mér þá endilega póst eða hringið og gefið upp þá tímasetningu sem hentar ykkur best (18 eða 20).

Tímarnir verða á mánudögum og miðvikudögum og verður fyrsti tíminn mánudaginn 3. September.

Verð: September - nóvember 30.000.-

Janúar – mars 30.000.-

Ekki verður kennt í desember, apríl og maí.

Frekari tímasetning verður auglýst þegar nær dregur.

Hlakka til að heyra frá ykkur.

Kveðja,

Helga Kristín.

Netfang: lifstilsskoli@gmail.com



VIOLA snyrtistofa

Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –

Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímাপantanir í Síma 856-1599



Messa í Tungufelli

Hin árlega sumarmessa í Tungufellskirkju verður sungin

næstkomandi sunnudag þann **19. ágúst kl.16:00.**

Það er einstök upplifun að eiga helga stund í þessum látlausa helgidómi.

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á
Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl.
14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir
þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar



Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi fimmtudaginn 23. ágúst 2012
Tímamantanir í síma: 863 0433
Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Við erum nú ekki að segja að sumarið sé búið, en.....

BEKINA
stígvél



Gúmmískór



Reiðskór



Sokkar



Regnföt



**Múlar -
höfuðleður**



Hliðgrindur

Hliðgrind /léttgrind-teina 208

Verð kr. 20.670

Hliðgrind /léttgrind-teina 258

Verð kr. 22.025

Hliðgrind/Léttgrind-teina 358

Verð kr. 26.557

Hliðgrind/Léttgrind-teina 408

Verð kr. 31.513

Hliðgrind /léttgrind-teina 608

Verð kr. 52.183

**Skeifur -
höfjaðrir**



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss
480 5600
landstolpi.is

ICETHAI[✈]

Íbúar Bláskógabyggðar skelltu sér til Thailands síðasta vetur og líkaði vel, er ekki komin tími á Hrunamenn? Örfá sæti laus í einstaka þriggja vikna ævintýraferð um Thailand. Brottför 14. nóvember. Upplýsingar á icethai.is og í sínum 8938808 / 8573900 IceThai travel ehf og Ferdin.is Margeir



Ræstingar

Starfsmann vantar í 80 % starfshlutfall í ræstingu við Flúðaskóla, þarf að geta hafið störf 23. ágúst 2012, umsóknarfrestur er til 20 ágúst. Íslenskukunnátta er skilyrði. Vinnutími er samkomulagsatriði, laun samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og Bárunnar. Upplýsingar veita Guðrún Pétursdóttir skólustjóri í síma 4806611, gudrunp@fludaskoli.is og Jóhanna Lilja Arnardóttir aðstoðarskólustjóri í síma 4806612, johannalilja@fludaskoli.is

Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Árleg ferð eldri borgara verður farin miðvikudaginn 22.ágúst. Lagt verður af stað kl.10:00 frá Flúðum. Ekið verður um Suðurstrandarveg og Selvogurinn skoðaður undir leiðsögn Þórarins bónda í Vogsósum. Síðan verður ekið til Grindavíkur og “Kvikan” heimsótt. Þátttökugjald er kr.4000. Innifalið er fargjald og veitingar. Þátttaka tilkynnist fyrir mánudagskvöldið 20.ágúst til: Önnu í síma 486 6615/869 8915. Guðrúnar í síma: 486 6666/891 7758

ATVINNA!

Starfsmann vantar í hlutastarf við Sundlaugina á Flúðum. Möguleiki er á 50% hlutastarfi eða að taka einstakar vaktir. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi. Upplýsingar hjá Stefáni í síma 893 6610

Fögrusteinatraktorstorfæran 2012

Torfæruklúbbur Suðurlands vill þakka eftirfarandi aðilum kærlega fyrir hjálpina við undirbúning og framkvæmd þessa bráðskemmtilega viðburðar um verslunarmannahelgina:



Fögrusteinar ehf, Landtak ehf, LímtréVírnet ehf, Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrunamannahreppur, Björgunarsveitin Eyvindur, Þórarinn Valgeirsson, Elvar Logi Gunnarsson, Benedikt Ásgeirson, Elvar Harðarson, Pálmar Þorgeirsson, Tómas Þórir Jónsson og Esther og Jóhann á Sólheimum.

Í fyrsta sæti varð Helgi Jónsson á David Brown. Í öðru sæti varð Jósef Geir Gunnarsson á Massey Ferguson 135 og í þriðja sæti varð Óskar Ingvi Sigurðsson á Ford 3000 Heimamaðurinn Ingvar Jóhannsson var svo í fjórða sæti á International.

Tilprifaverðlaunin fóru til Guðmundar Hreins Gíslasonar.

Þeir hjá Jennafilm tóku svo upp viðburðinn og ætla að gefa hann út á dvd þegar fram líða stundir en þeir hafa verið að taka upp alla viðburði á landinu sem tengjast traktorum.

Fyrir hönd Torfæruklúbbs Suðurlands
Erla Jóhannsdóttir

Frá Íþróttahúsinu á Flúðum
Í sumar og fram að skipulögðu íþróttastarfi verður tækjasalurinn í Íþróttahúsinu opinn á mánudögum og miðvikudögum frá kl: 17:00-19:00.

Frá Þjóðhátíðarnefnd

Að venju var 17. júní haldinn hátíðlegur í Hrunamannahreppi að viðstöddum fjölda manns. Hátíðin hófst á hefðbundinni dagskrá í íþróttahúsinu og að henni lokinni tóku við fastir liðir eins og 17. júní hlaup, kassabílarallý og í sundlauginni áttust við sveinar úr sveitinni við mikla lukku viðstaddra. Einnig var kastað karamellum úr flugvél yfir grasflötinni fyrir framan íþróttahúsið. Unglingadeildin Vindur bauð svo upp á kassaklifur auk þessa að vera með blöðru- og nammisölu. Þjóðhátíðarnefnd þakkar öllum þeim sem áttu þátt í að gera þjóðhátíðardaginn eins vel heppnaðan og raun bar vitni.

Úrslit í 17. júní hlaupi 2012

Yngri stelpur

Hildur Högna Önnudóttir
Una Bóel Jónsdóttir
Guðlaug Ásgeirsdóttir

Yngri strákar

1. Máni Snær Benediktsson
2. Páll Magnús Unnsteinsson
3. Kári Karl Atlason

Eldri stelpur

Þórdís Jóna Kristjánsdóttir
Sunna Dís Örvarsdóttir
Ragnheiður Guðjónsdóttir

Eldri strákar

1. Breki Sigurðsson
2. Darri Valgarðsson
3. Vitaliy Krayduba

Úrslit í kassabílarallýi 2012

Yngri hópur

Einn kassabíll tók þátt og voru því í 1 sæti:

Þórey Þula , Ingibjörg Bára og Matthildur á 20,02 sek 1 hringur

Eldri hópur

Íslenski djöfullinn: Halldór, Kristinn og Sölvi á 27,61 sek 2 hringir
Ford: Vitaliy, Óskar og Tobías á 30,78 sek 2 hringir
Sletta: Silja, Hrafnís og Svava á 35,03 sek 2 hringir

Úrslit í kassaklifurkeppni 2012

Sigríður Helga Steingrimsdóttir sigraði kvennaflokkinn með 25 kassa
Anton Gunnlaugur vann karlaflokkinn með 27 kassa

HRUNARÉTTIR 14.september 2012

Uppsveitahringurinn 2012



Laugardaginn 8. september, n.k., verður íþróttaviðburðurinn „Uppsveitahringurinn“ haldinn í fyrsta sinn þar sem hlaupið og hjólað verður um uppsveitir Árnessýslu.

Keppnin í ár er í tengslum við Uppskeruhátíðina í Hrunamannahreppi sem fram fer sama dag á Flúðum.

Ætlunin er að Uppsveitahringurinn verði haldinn árlega.

Í ár verður ein hlaupavegalengd í boði þar sem hlaupið verður á milli Reykhólts og Flúða en sú vegalengd er um 10 km. Ein drykkjarstöð verður á leiðinni. Lagt verður af stað frá Reykholti og endað á Flúðum, keppendur verða að koma sér sjálfir á milli staða.

Í hjólreiðunum verða þátttakendur ræstir út á Flúðum og munu þeir hjóla hring um uppsveitirnar sem er um 46 km að lengd. Hjólaður verður hringur þar sem lagt verður af stað frá Flúðum og hjólað í gegnum Skeiða- og Gnúpverjahrepp, þaðan yfir í Bláskógabyggð, í gegnum Laugarás og Reykholt, yfir brúnna við Bræðratungu og inn á Flúðir í Hrunamannahreppi þar sem endamarkið verður staðsett. Í hjólreiðunum verða ræstir út tveir hópar, skemmtihjólreiðahópur og keppnishjólreiðahópur.



**UPPSVEITA
HRINGURINN**
Tökum hringinn!



Tímasetningar

Kl. 10.30 – Skemmtihjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.00 – Keppnishjólreiðahópurinn leggur af stað frá Flúðum.

Kl. 12.00 – Hlauparar leggja af stað frá Reykholti.

Kl. 14.00 – Verðlaunaafhending á Flúðum.

Skráning er á www.hlaup.is en skráningarfrestur er til þriðjudagsins 4. september. Þáttökugjald er 2.000 kr. Frítt verður í sund fyrir keppendur í sundlaugarnar á Flúðum og í Reykholti. Allir keppendur fá bol sem merktur er hlaupinu.

Allir keppendur fá verðlaunapeninga, en veitt verði sérstök verðlaun fyrir 3 efstu sætin í karla- og kvennaflokki.

Keppendur geta nálgast keppnisnúmer og keppnisgögn milli kl. 14:00-18:00 föstudaginn 7. september í Íþróttamiðstöðinni í Reykholti. Þá er einnig hægt að nálgast keppnisgögnin milli kl. 9:00 -11:00 að morgni keppnisdags. Hægt að skrá sig í keppnina á þessum tíma en þá er þáttökugjaldið 3.000 kr.

Nánari upplýsingar verða settar inná heimasíður sveitarfélaganna þegar nær dregur keppninni. Slóðirnar eru: www.blaskogabyggd.is, www.fludir.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is

Undirbúningsnefndin



**UPPSVEITA
HRINGURINN**
Tökum hringinn!





Svip myndir úr sveitinni

Ljósmynd: SigSigm

